

# Tónskóli Mýrdælinga

## Fréttabréf október 2009

Ágætu nemendur, foreldrar, forráðamenn og aðrir!

Þar sem skólarnir í Mýrdalshreppi hafa nú verið sameinaðir í einn deildaskiptan skóla, verður þetta síðasta fréttabréfið í nafni Tónskóla Mýrdælinga. Upplýsingar munu framvegis birtast í nýju riti sameinaðs skóla.

Þegar þessu fréttabréfi er dreift er Regnboginn, sem réttilega hefur verið kallaður menningarveisla mýrdælinga, nýafstaðinn. Regnboginn var að venju stútfullur af viðburðum og skemmtilegum upptökum. Nýmælin í ár eins og markaðurinn með sýningum í Leikskálum og kórakeppni í íþróttahúsinu gerðu mikla lukku og auðsýnilega komin til að vera. Markaðinn mætti reyndar alveg halda oftár.

Það er hefð fyrir því að skólarnir taki þátt í Regnboganum með því að brjóta upp hefðbundna stundaskrá og/eða hefðbundin viðfangsefni í menningarvikunni og sýna afraksturinn með ýmsu móti, í hátíðardagskrá eða öðrum viðburðum og eins undir berum himni. Tónskólinn vann nú sameiginlega með grunnskólanum í þeirri vinnu og hugmyndin var að framlag þeirra yrði samtvinnað. Það varð ekki úr en vinnan var engu að síður mjög gagnleg og leiddi ýmislegt í ljós. Í staðinn ákvað tónskólinn með ákaflega stuttum fyrirvara að vera með sýnishorn af hópastarfi í tónlist. Nemendurnir stóðu vaktina með hugrekki og sóma en það kostaði að nokkrir misstu af viðburðinum í öllum flýtinum. Best væri að komast hjá slíku, en aðstæður buðu ekki upp á annað í þetta skiptið og í því felst líka ákveðinn lærdómur og reynsla.

Fyrir hönd tónskólans vill undirritaður færa öllum sem tengdust Regnboganum á einn eða annan hátt, einlæg þakkir. Mýrdælingar, fyrirtæki og stofnanir, starfsfólk sveitarfélagsins, nemendur, listafólk og gestir, allir eiga hrós skilið. Við enda Regnbogans eru margar fallegar upplifanir og fræ sem sáð hefur verið til betra mannlífs. Í því er fjársjóðurinn falinn.

## Ferðalag til Vestfjarða

Nemendur tónskólans í 9.-10. bekk gerðu víðreist og fóru í heilmikið og eftirminnilegt ferðalag til Vestfjarða í byrjun júní. Ferðin var hugsuð sem þjálfunarbúðir, þátttaka í sönglagakeppni, og sem námskeið í að semja og flytja tónlist opinberlega á nýjum slóðum.

5. júní kl. 20:00 var lagt af stað með rútu frá skólanum og keyrt í einum rykk til Flateyrar um strandir og djúp. Gist í glæsilegu og rúmgóðu húsi Önfirðingafélagsins á Sólbakka.

Laugardaginn 6. júní var svo komið að því að taka þátt í keppni um Sumarlag Flateyrar á íþróttasvæði. Margir nemenda stigu á stokk og sungu og léku eigið sumarlag Flateyrar á sviði frammi fyrir dómnefnd. Bestum árangri nemenda, þriðja sæti, náði Elvar Jóhannsson með laginu *Sumartilfinningu* sem Magdalena Sveinsdóttir söng. Aðrir sem spiluðu og/eða sungu í ferðinni voru Hlynur Guðmundsson, Viktor Sigurjónsson, Bergþór Bergsson, Gunnþór Bergsson, Arnar Snær Björgvinsson, Ragnar Kristinsson og Birkir Grétarsson. Þvínæst var farið í skoðunarferð til Ísafjarðar, Hnífsdals og Bolungarvíkur. Í Bolungarvík var svo komið við og spilað og sungið í heimahúsi. Og Bolvíkingur með harmonikku, sundþjálfari og söngvari m.m. kom í rútna og söng þjóðsöng víkaranna fyrir vestan. Þarf nokkuð að taka það fram að sól skein að sjálfsögðu í heiði.

Sunnudagurinn 7. júní hófst með varðskipssiglingu og síðan farið í gulan sand Holtsfjöru og synt í ísköldum sjó. Arnar synti lengst eða alveg út á bryggjuenda og klifraði þaðan upp gegnum hrúðurkalla og kellingar. Síðan tók við dagskrá sjómanna dagsins á Flateyri með þyrlubjörgun, flekahlaupi, koddaslag og fleiru. Lítil tími var þó fyrir slíkt því nú var komið að því að spila fyrir gesti á kaffihlaðborði. Um kvöldið var farið í Ísafjarðarbíó og svo kíkt á mannlífið í Hamraborg eða aðallega stelpurnar af viðbrögðum strákanna að dæma.

Mánudaginn 8. júní kíkti hópurinn í heimsókn í Tankinn, sem er glænýtt framsækið hljóðver í gömlum lýsistanki með metersþykkum veggjum. Margar helstu hljómsveitir landsins og ekki síst erlendar, nota þetta stúdíó sem sett var á laggirnar af Önundi Pálssyni upptökustjóra og tónlistarmanni. Síðan var farið til Suðureyrar í sund og Neðstikaupstaður á Ísafirði skoðaður. (Krambúð er elst, byggð 1757. Faktorshús var reist 1765 sem íbúðarhús verslunarstjórans.

Tjöruhús var byggt árið 1782 sem vörugeymslu fyrir búðina. Turnhús var svo reist árið 1875, bjálkabyggt líkt og tjöruhúsið.)

Að því loknu tóku við Útitónleikar á Silfurtorgi á Ísafirði. Rut í Gamla Bakaríinu kom strax færandi hendi með bakkelsi, og fólk streymdi að um leið og fór að heyrast almennilega í söngkerfinu. Um kvöldið var gönguferð um Flateyri, varnargarðinn og að minnisterki um þá sem fórust í snjóflóðinu 26. október 1995. Slíkt lætur engan ósnortinn.

Þriðjudaginn 9. júní kl. 9:00 var lagt af stað heim aftur gegnum Þingeyri og suðurfirði Vestfjarða.

Frá ótalmörgu væri hægt að segja frá í ferðinni en hér verða helstu viðburðir að duga.

Nemendurnir fengu allsstaðar sérlega góðar móttökur og höfðu margir á orði hvað þetta væru duglegir og efnilegir krakkar. Þeir stóðu sig í einu orði sagt frábærlega, bæði sem tónlistarfólk og manneskjur. Fyrir það er tónskólinn sérlega þakklátur, stoltur og feginn. Sérstakar þakkir fá Harpa Jónsdóttir, Guðmundur Pétur Guðgeirsson og Birgir Hinriksson. Þau sáu samviskusamlega um að allt gengi skemmtilega og snurðulaust fyrir sig í ferðinni. Aðrir sem eiga þakkir skyldar eru Eyjólfur Sigurjónsson og félagar, Menningarráð Suðurlands, Björn Ingi Bjarnason formaður Önfirðingafélagsins, og síðast en ekki síst foreldrar nemenda. Þessi ferð verður lengi í minnum höfð og á alveg skilið að heita afrek.

## Áhersluatriði

Meðal áhersluatriða hjá gítarnemendum í vetur er færni í nótnalestri. Mestur er áhugi þeirra á hljómunum, stefjum og sólóum við ákveðin lög, og mikill tími fer almennt í skala og hljómanotkun. Nótnalesturinn er samt einn verðmætasti þátturinn í náminu. Hann myndar grunn undir allt annað. Með því að kunna sama tungumálið, nótur í þessu tilfelli, geta nemendur átt samskipti og samleið í tónum. Í hópastarfi er þetta algert lykilatriði. Skólinn hefur tekið ákveðið gítar- og bassanámsefni í notkun frá Hal Leonard útgáfunni. Tónskólinn sér um að útvega efnið en nemendur greiða síðan skólanum fyrir það. Þetta eru vandlega samdar bækur ásamt geisladiski með fjölbreyttum undirleik. Nemendur eiga að æfa lögina og spila þau síðan við undirleik af geisladiski. Með þessu er ekki aðeins verið að þjálfra færni í nótnalestri, heldur líka tilfinninguna fyrir nákvæmum takti, góða tækni og að spila á æskilegum hraða. Til að komast í gegnum efnið dugir aðeins eitt ráð: Æfingin skapar meistarann.

## Gjöf

Tónskólanum var veittur höfðinglegur styrkur að upphæð kr. 70.000 í lok síðasta skólaárs.

Gefandi er Guðný Guðnadóttir í Vík. Skólinn vill færa Guðnýju einlæg þakkir fyrir þessa höfðinglegu gjöf. Það sem gleður og hvetur mest er þó hugurinn að baki gjöfinni. Í henni felst viðurkenning á að starfið í skólanum sé verðmætt og samfélaginu hjartfólgið. Það er ekki svo líttill heiður.

Eftir nokkrar vangaveltur var ákveðið að skólinn eignaðist vandaðan rafmagnsgítar sem bera mun nafnið Guðný. Megi hann ætíð hljóma hátt, snjallt og hetjulega. Takk, takk segjum við.

## Spunalög og Spilverk

Verkefnið Spunalög og spilverk mun halda áfram í vetur og er ætlunin að heimsækja og spila með nemendum á Hvolsvelli og í Tónsmiðju Suðurlands, auk fleiri viðburða. Nánar auglýst síðar.

## List án landamæra

Gamall nemandi tónskólans, Stefán Lund hefur mikinn áhuga á að gefa út geisladisk með barnalögum. Hann hefur áhuga á að fá hóp barna úr grunnskólanum til að aðstoða sig og syngja inn á diskinn. Tónskólinn mun sjá um hljóðfæraleikinn og upptökur að hluta. Upptökur munu fara fram í byrjun nóvember. Diskurinn ber vinnuheitið: Stefán syngur með börnunum.

## Helstu dagsettu viðburðir framundan á haustönn

Miðvikudagur 14. október: Samæfing í skólanum kl. 17:30 – 18:00

Miðvikudagur 28. október: Samæfing

Miðvikudagur 11. nóvember: Samæfing

Miðvikudagur 25. nóvember: Samæfing

**Laugardagur 5. desember: Jólatónleikar í Leikskálum kl. 14:00**

Sunnudagur 13. desember: Lúsíutónar

Föstudagur 18. Desember: Jólaleyfi

Rétt er að benda sérstaklega á tímasetningu jólatónleika sem nú verða á laugardegi. Tónskólinn biður nemendur, forráðamenn og alla aðra að taka frá þennan dag og skipuleggja sig út frá honum eins og kostur er. Eftir tónleikana er boðið upp á jólakaffi og smákökur.

Með von um árangursríkt starf í vetur.

Kær kveðja,

Kristinn Jóhann Níelsson